

18. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA

Átjándi fundur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn fimmtudaginn 6. desember 2012 kl. 08:30 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður og Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) .

Frá FMS: Af hálfu Ferðamálastofu sátu fundinn Sveinn Rúnar Traustason og Katrín Gylfadóttir.

Yfirferð umsókna

Farið var yfir umsóknir og athugasemdalista frá því á síðasta fundi. Ræddar voru m.a. umsóknir þar sem vantaði upplýsingar og stóðust því ekki kröfur. Stjórnarmenn vildu gjarnan að þeim umsóknum yrði fylgt eftir og umsækjendum leiðbeint áfram. Sveinn benti á að hann væri bundinn af tímaáætlun sjóðsins. Nú væri 3. Yfirferð lokið og óskir um frekari upplýsingar á þessum tímamarki myndu að öllum líkindum tefja afgreiðslu sjóðsins. Albína benti á að enn væri ekki búið að afgreiða fjárlög og því væri tími til stefnu. Sveinn sagðist þá myndu óska eftir frekari gögnum frá þeim aðilum sem enn vantaði ákveðnar upplýsingar frá.

Ólafur H. Jónsson formaður Landeigendafélags Reykjahlíðar mætti á fundinn. Rætt var um umsókn landeigendafélagsins og bréfaskrif varðandi þá umsókn. Stjórn sjóðsins fól Sveini að skrifa uppkast að bréfi til Ólafs í lok fundar.

Albína sagðist myndu eiga fund með ráðherra og ráðuneytisstjóra á næstu dögum og mun upplýsa stjórn sjóðsins um niðurstöðu fundarins að honum loknum.

Annað:

Næsti fundur verður fimmtudaginn 6. desember 2012

Fundi slitið 9:30

Reykjavík 6. desember. 2012/Katrín.